

**Nd.**

**519. Frumvarp til jarðalaga.**

**[46. mál]**

(Eftir 3. umr. í Ed., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 492 með þessari breytingu:

27. gr. hljóðar svo:

Sé söluverð eignar óeðlilega hátt, miðað við líklegt raunverð að áliti byggðaráðs, getur forkaupsréttarhafi krafist mats á eigninni, og gildir það þá sem söluverð. Um framkvæmd matsins fer eftir IX. kafla laga nr. 36/1961.

Við matið skal ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af því, að skipulagt þéttbýlissvæði, sbr. 4. gr. þessara laga, er að byggjast upp í næsta nágrenni og veldur óvenjulegri eftirspurn eftir landi, heldur ber að miða við verðmæti hliðstæðra eigna, þar sem þessar ástæður hafa ekki veruleg áhrif til verðhækkunar.